

BORGARSTJÓRN 7. maí 2019: Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að byggt verði við Brúarskóla og hann stækkaður - R19010072

Flokkur fólksins leggur til að byggt verði við Brúarskóla til þess að hann geti stækkað og tekið við fleiri nemendum. Staðsetning Brúarskóla sem er í Vesturhlíð er afar hentug staðsetning fyrir skóla eins og Brúarskóla þar sem staðsetningin er ótengd m.a. íbúðarhverfi og verslunum. Mikil friðsæld er í hverfinu, gott næði til að vinna með börnin en samt stutt í allar áttir. Mikilvægt er að skólinn sé og verði staðsettur á þeim stað sem hann er. Í dag eru 24 börn í skólanum en lagt er til að skólinn verði stækkaður til að geta að minnsta kosti bætt við 6-8 nemendum í viðbót. Núna eru 19 börn á biðlista. Brúarskóli er einn sinnar tegundar. Í honum stunda nám börn sem eiga við djúpstæðan hegðunarvanda að stríða sem rekja má til ólíkra orsaka og raskana. Skólinn er tímabundið úrræði og ávallt er markmiðið að vinna börnin aftur út í heimaskólann. Meðallengd skólavistar er 15-18 mánuðir. Brúarskóli sinnir fleiri hlutverkum og eitt þeirra er ráðgjafahlutverk við aðra skóla. Sérhæft ráðgjafarteymi fer á vettvangi í skóla sé þess óskað. Í Brúarskóla eru 2 þáttökubekkir í tengslum við skólann, annar í Húsaskóla og hinn í Ingunnarskóla og eru samtals 10 börn í þessum bekkjum. Brúarskóli sinnir auk þess kennslu á Stuðlum og BUGL. Skólinn er rekinn af Reykjavíkurborg með stuðningi úr Jöfnunarsjóði.

Greinargerð:

Mikilvægt er að hægt verði að fjölga börnum upp í alla vega 30 nemendur. Það sárvantar pláss. Frekari dreifing eins og annar þáttökubekkur er ekki lausn. Mikilvægt er að nemendur séu í stærri heild til að geta fengið þá félagslegu þjálfun sem þau þarfnast. Eins og staðan er núna er skólinn í þremur húsum. Borgarfulltrúi leggur mikla áherslu á að skóla- og frístundaráð setji sig í stellingar þegar kemur að Brúarskóla og hafi beint samband og samstarf við starfsfólkið til að heyra frá fyrstu hendi, frá fólkinu á gólfinu hverjar þarfirnar eru og hvernig er best að mæta þeim. Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst að sérskólar í Reykjavík hafi orðið útundan, jafnvel einhvers konar afgangsstærðir og hafa þar af leiðandi ekki fengið nærri nóga athygli. Eins og áður segir er Brúarskóli sérskóli, tímabundið úrræði fyrir börn sem eiga í alvarlegum geðrænum, hegðunar- eða félagslegum erfiðleikum. Kennslan fer fram í litlum bekkjum þar sem venjulega eru tveir kennarar saman með lítinn bekk. Brúarskóli hefur fimm starfstöðvar í Reykjavík en engu að síður dugir það ekki til að anna eftirspurn. Fram kemur á heimasíðu að foreldrar geta sótt um skólavist í Brúarskóla fyrir barn sitt, telji þeir, skólastjórnendur, kennarar og aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla. Skólastjóri tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsókna á grundvelli tillagna inntökuteymis enda hafi inntökuteymi tekið mið af fyrirliggjandi greiningum, aðstæðum og fjölmörgu öðru.

Borgarfulltrúi þekkir til mála þar sem foreldrar og kennarar eru ráðþrota þar sem ýmislegt hefur verið reynt til að barni þeirra geti liðið vel í skólakerfinu sem ekki getur sinnt öllum börnum. Enda þótt skólastefna Reykjavíkurborgar kallist „skóli án aðgreiningar“ vantar mikið af þeirri þjónustu í almenna skólann sem þarf til að sinna börnum með ákveðnar sérþarfir. Sum börn passa heldur ekki í þær sérdeildir sem reknar eru í skólunum. Sérskóli eins og Klettaskóli er yfirfullur. Lagt hefur verið til af Flokki fólksins að stækka úrræði eins og Klettaskóla en sú tillaga var felld. Nú vill borgarfulltrúi leggja til að úrræði eins og Brúarskóli verði stækkað í ljósi þeirrar aðsóknar sem er í skólann. Mikilvægt er að skólinn sé og verði staðsettur á þeim stað sem hann er.